

3. fundur
þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 17. ágúst 2018 kl. 10:00

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Silja Dögg Gunnarsdóttir - Framsóknarflokkur
Birgir Þórarinsson – Miðflokkur
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin – grænt framboð
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Erna Reynisdóttir – Barnaheill
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Þórdís Sigurðardóttir (sendiráðunautur), Vilhjálmur Wium (sendiráðunautur), Davíð Bjarnason (deildarstjóri) og Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur).

Ólafur Ísleifsson (Flokkur fólksins), Halldóra Mogensen (Píratar), Áslaug Arna Sveinbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) og Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands) tilkynntu forföll.

Logi Einarsson (Samfylkingin) var fjarverandi.

Nefndarritari:

Hildigunnur Engilbertsdóttir

12. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Fundargerð 11. fundar var samþykkt.

2. Stefna

María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu, kynntu drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 ásamt fylgiskjölum.

3. Umfjöllun um stefnu

Nefndarmenn voru almennt mjög jákvæðir gagnvart stefnunni.

Fulltrúi háskólasamfélagsins benti á mikilvægi þess að tengja niðurstöður í aðgerðaáætlun við árangursvísa Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna svo að hægt verði að mæla árangur og bera saman stöðu Íslands við önnur lönd. Starfsmaður utanríkisráðuneytis (UTN) áréttaði að öll níu markmið í aðgerðaáætlun eru beintengd undirmarkmiðum Heimsmarkmiða og að heildrænt árangurstjórnunarkerfi verði innleitt 2019 sem muni taka mið af árangursvísu Heimsmarkmiða.

Fulltrúi borgarasamtaka benti á að í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD DAC) á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands sé hvatt til aukinnar þátttöku borgarasamtaka í þróunarsamvinnu. Var óskað eftir því að nefndin fengi upplýsingar um hlutfall framlaga til borgarasamtaka undanfarin 5 ár og hver stefna ráðuneytis sé í þeim málum. *Ákveðið var að kynna sérstaklega framlög til þróunarsamvinnu á næstu fundum nefndar og þ.m.t. framlög til borgarasamtaka.* Starfsmaður UTN vakti þó athygli á því að fjármálaáætlun fjallar um framlög til þróunarsamvinnu en ekki þróunarsamvinnustefna.

Nokkrir fulltrúar nefndarinnar bentu á að gera þurfi grein fyrir því hvort að markmiðið um að auka framlög í 0,35% af VPT árið 2022 sé með eða án kostnaðar v. móttöku flóttamanna og hælisleitenda. Þ.e.a.s. hvort að kostnaður v. móttöku flóttamanna og hælisleitenda leggist ofan á framlög til þróunarsamvinnu, líkt og er gert í dag, eða hvort að opnað verði á það að draga kostnað við móttöku flóttamanna af framlögum til þróunarsamvinnu. *Vill nefndin fá kynningu á þeirri niðurstöðu, ásamt hlutfallslegri skiptingu á framlögum.* Í því samhengi lögðu nefndarfulltrúar einnig til að í umsögn nefndar kæmi fram vilji nefndar að orðalagi yrði breytt á þá leið að framlögin yrðu *að lágmarki* 0,35% af VPT árið 2022.

Nefndarfulltrúi benti á að jákvætt væri að umhverfismál, og þá sérstaklega loftslagsmál, væru bæði þverlægt og sértækt áhersluatriði í stefnu. Spurt var út í fjármögnun loftslagstengdra aðgerða og hvort að sum útgjöld annarra ráðuneyta til loftslagsmála væru talin fram sem framlög til þróunarsamvinnu. Lagt var til að kynna hversu hátt hlutfall af framlögum til þróunarsamvinnu fer til loftslagsmála og hvað sé talið fram sem loftslagsmiðaðar aðgerðir í þróunarsamvinnu.

Vakin var athygli á því að vegna áherslu á íslenska sérþekkingu í stefnunni gæti það leitt til þess að unnið yrði of mikið á forsendum Íslands en ekki samstarfslanda. Starfsmaður UTN benti á að þessi vinna væri alltaf byggð á eftirspurn frá samstarfslöndum og stofnunum og að vissulega eigi íslensk sérþekking ekki alltaf við.

Í tengslum við áherslu á mannréttindi í uppfærðri stefnu var bent á að gefa þurfi gaum þeim sem búi við ofsóknir vegna trúar sinnar. Sömuleiðis var bent á að við vissar aðstæður þurfi stundum að breyta orðræðu um mannréttindi til þess að tryggja að hægt sé að sinna nauðsynlegum verkefnum í löndum þar sem mannréttindi eru ekki í hávegum höfð.

Fulltrúi borgarasamtaka lagði fram tillögu um að Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) yrði áherslustofnun í stefnu og benti nefndinni á að framkvæmdastjóri ICRC kæmi til landsins 15.-16. október og fundi þá m.a. með utanríkisráðherra. Lagt var til að þróunarsamvinnunefnd og utanríkismálanefnd fundi með framkvæmdastjóra ICRC.

4. Önnur mál

Stefnt er að því að þróunarsamvinnunefnd fundi aftur föstudaginn 31. ágúst með starfsmönnum UTN þar sem nefndarfulltrúum gefst færi á því að leggja fram enn frekari spurningar um stefnuna.

Nefndin fundar líklega með utanríkisráðherra í september þar sem nefndin kynnir fyrir ráðherra umsögn um stefnu.

Nefndin stefnir að því að klára DAC umsögn á næstu mánuðum eftir að lokið hefur verið við umsögn um stefnu.

Vakin var athygli á kynningu á úttekt á héraðsverkefnum í Malaví og Úganda föstudaginn 24. ágúst.

Greint var frá því að Fundur fólksins/LÝSA, sem haldin verður 7.-8. september á Akureyri, væri góður vettvangur fyrir kynningu fyrir almenningi á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Lagt var til að upplýsingadeild UTN yrði upplýst um þann viðburð.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 11:27